

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. september 2008
Tilvísun: UST20080800060/hj

Metanólvinnsla - tilraun til bindingar á koldíoxíði úr útblæstri frá orkuverinu í Svartsengi

Visað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin felst í því að vinna 10 tonn af metanóli úr CO₂ útblæstri frá orkuverinu á dag. Vinnslan skiptist í tvo meginþætti þætti, annars vegar rafgreiningu á vatni til að framleiða vetni sem síðan er notað til að breyta CO₂ í metanól. Fram kemur að við vinnsluferlið myndast súrefni og saltvatn frá rafgreiningunni og vatn frá eimingu sem er mengað af metanóli og öðrum alkóhólum. Fastur úrgangur fellur til við útskiptingu á hvötum og eru notaðar hvatar sendir aftur til framleiðanda. Kælivatn fer aftur í vinnslurás orkuversins. Byggingar verða staðsettar við Grindavíkurveg sunnan afleggjarans að orkuverinu á iðnaðarsvæði sem nú þegar er að mestu leyti verið raskað.

Umhverfisstofnun telur að nokkur sjónræn áhrif verði af framkvæmdinni bæði vegna nálægðar fyrirhugaðrar verksmiðju við Grindavíkurveg og brennslu eldfimra efna í kyndli. Þar sem byggingarnar eru sambærilegar við einstakar einingar í orkuverinu er ekki líklegt að yfirbragð svæðisins breytis í heild. Ekki verður um neinn teljandi fastan úrgang að ræða. Það saltvatn sem myndast er mjög lítið að magni í samanburði við þann jarðsjó sem er meðhöndlaður í orkuverinu. Gert er ráð fyrir að meðhöndla mengað eimungarvatn en aðferðin mun ráðast af samsetning þess.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum

Virðingarfyllst

Helgi Jónsson
ráðgjafi

Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri